



## LEIGUSAMNINGUR

Kópavogsbær, kt. 700169-3759, Digranesvegur 1, 200 Kópavogur, í þessum samningi nefndur „leigusali“ og Grindavíkurbær, kt. 580169-1559 í samningi þessum nefndur „leigutaki“, gera með sér svofelldan leigusamning vegna aðstöðu fyrir UMFG.

### 1. gr.

#### *Hið leigða*

Með samningi þessum skuldbindur leigusali sig til að leigja út og leigutaki til að leigja af leigusala aðstöðu íþróttahússins við Kársnesskóla.

Fyrirhugað er að körfuknattleiksdeild UMFG nýti aðstöðu húsnæðisins fyrir æfingar meistaraflokka karla og kvenna tímabilið 2024-2025. Samkvæmt þarfagreiningu UMFG þarf að tryggja um 18 tíma á viku fyrir æfingartíma flokkanna.

### 2. gr.

#### *Leigutími*

Upphaf leigutíma er 1. október 2024 og lýkur 31. maí 2025 án uppsagnar.

### 3. gr.

#### *Leiguverð*

Leiguverð er **kr. 4.625.000,-** á mánuði.

Húsaleiga, samkvæmt framangreindu, greiðist mánaðarlega fyrirfram, á gjalddaga 1. hvers mánaðar og er eindagi 15. hvers mánaðar.

Ásamt afnotum af húsnæðinu er jafnframt innifalið í leiguverðinu allur rekstarkostnaður sem og kostnaður við nauðsynlega aðstöðusköpun og viðhald.

### 4. gr.

#### *Skyldur leigutaka*

Leigutaka er skylt að fara í hvívetna með leiguhúsnæðið á þann hátt sem samrýmist viðteknum venjum um góða umgengni, ganga vel og snyrtilega um og fara að lögum og reglum um hreinlæti, hollustuhætti og heilbrigði.

Leigutaki skal kappkosta að raska ekki eðlilegum afnotum annarra þeirra er afnot hafa af húsinu eða valda þeim nágrönnum óþægindum eða ónæði, meira en vænta má af þeim afnotum sem leigutaka er heimiluð í húsnæðinu.

Að leigutíma loknum skal leigutaki skila húsnæðinu í hendur leigusala ekki í lakara ástandi og hann tók við því.



**6. gr.**

*Framleiga*

Leigutaka er óheimilt að framselja leigurétt sinn, að hluta eða öllu leyti.

**7. gr.**

*Tengiliðir*

Tengiliður Kópavogsbæjar er Gunnar Guðmundsson, deildarstjóri íþróttardeildar ([gunnarg@kopavogur.is](mailto:gunnarg@kopavogur.is)) og tengiliður UMFG er Þorleifur Ólafsson, framkvæmdarstjóri UMFG ([framkv@umfg.is](mailto:framkv@umfg.is))

**8. gr.**

*Annað*

Að öðru leyti en hér er kveðið á um hafa leigusali og leigutaki þær skyldur og réttindi sem húsaleigulög nr. 36/1994 kveða á um með síðari breytingum eftir því sem við getur átt.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjaness.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og rita aðilar undir hann í viðurvist votta.

Kópavogur, 10. september 2024

F.h. Kópavogsbæjar



*Þóðis Kristjánsson*

F.h. Grindavíkurbæjar



Bæjarstjórinn  
í Grindavík

*Þóðis Kristjánsson*

Vitundarvottar:

*Þóðis Kristjánsson*

Nafn

*161184-2179*

kt.

*Tanya Tomarsdóttir*

Nafn

*080889-2089*

kt.

*Þóðis Kristjánsson*

*AK*